

IV. KAFLI

Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

53. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 50—500 krónur, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt samþykktinni. Ella sé það rífið á hans kostnað. Sé um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri, undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

54. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlast gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Sandvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 55 27. júní 1921, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júní 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson

Gunnl. E. Briem.

A R Ð S K R Á

fyrir fiskræktarfélagið Hvítá.

Einarsnes	36	hlutir
Bóndhóll	21	—
Lækjarkot	14	—
Ölvaldsstaðir	21	—
Ferjubakki	21	—
Ferjukot	46	—
Sólheimatunga	3	—
Svignaskarð	9	—
Fróðhús	3	—
Gljúfurá	2.8	—
Litlu-Skógar	1.5	—
Stóru-Skógar	1.5	—
Tandrasel	1.5	—
Svarfhóll	3	—
Stafhóll	11	—
Arnarholt	0.4	—
Haugar	0.6	—
Hlöðutún	0.6	—

Munaðarnes	2.5	hlutir
Stóra-Gröf	4.6	—
Grafarkot	4.8	—
Litla-Skarð	6.2	—
Einifell, Laxfoss	60	—
Veiðilækur	24	—
Hreðavatn	8	—
Veiðifélag Norðurár	10	—
Hofsstaðir	3.2	—
Hamraendar	22	—
Neðra-Nes	1.8	—
Stafholtsveggir	0.4	—
Efra-Nes	1	—
Bakkakot	1	—
Kaðalstaðir	1.6	—
Lundar	1.5	—
Hjarðarholt	2.3	—
Steinar	2.5	—
Arnbjargarlækur	6	—
Gunnlaugsstaðir	1	—
Guðnabakki	1.2	—
Norðtunga	5.8	—
Hamar	1.3	—
Höfði	0.5	—
Grjót	0.5	—
Sigmundarstaðir	0.5	—
Lundur	0.2	—
Hermundarstaðir	1.5	—
Helgavatn	1	—
Kvíar	2	—
Högnastaðir	0.4	—
Sleggjulækur	0.8	—
Ásbjarnarstaðir	0.9	—
Selhagi	0.4	—
Síðumúli	1.5	—
Sámsstaðir	4	—
Gilsbakki	7	—
Veiðifélag Reykdæla	15	—
Steðji	0.2	—
Varmilækur	0.2	—
Bær	0.2	—
Langholt	21	—
Stafholtsey	0.3	—
Hvítárbakki	3	—
Þingnes	22	—
Fossatún	4	—
Hestur	20	—
Múlaþot	3.5	—
Skálpastaðir	4	—
Máfahlið	2	—
Gröf	3	—

84
13. júní

Kistufell	0.7	hlutir
Arnbórsholt	0.7	—
Kross	0.4	—
Skarð	5	—
Lundur	6	—
Snartastaðir	1	—
Gullberastaðir	5.4	—
Oddsstaðir	0.4	—
Hóll	0.8	—
Brautartunga	0.8	—
Tungufell	0.2	—
Brenna	0.7	—
Iðunnarstaðir	0.7	—
England	1	—
Reykir	1	—
Hvítárvellir	46	—
Hvanneyri	30	—

Samtals 590 hlutir

Arðskrá þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1942.

F. h. r.

Vígfús Einarsson.

Páll Pálmason.

85
14. júní

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Borgarneshrepps, Mýrasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt skal henni að ráða sérstakan umsjónarmann, vatnsveitustjóra, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefnd setur honum.

2. gr.

Af öllum húsum í hreppnum, sem vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir hinu lögskipaða fasteignamati húsansa, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru váttryggðar ásamt því.

3. gr.

Vatnsskatturinn skal vera sem hér segir:

1. Af öllum húsum, sem svo er ástatt um, sem um getur í 2. grein, allt að 10 af þúsundi.
2. Fyrir vatn til skipa allt að kr. 5.00 fyrir smálest.
3. Fyrir vatn til saltfisksþvotta 15 aura á hver 160 kg.